

MINNISBLAÐ

Verknúmer	Verkkaupi Gjöfull ehf.	Dagsetning 19.04.2016
Verkheiti	Umsögn um hitakút frá Gjöfull ehf.	
Málefni	Umsögn um hitakút frá Gjöfull ehf.	
Sendandi	Rúnar Magnússon	
Dreifing	Þorsteinn Árnason	



Umsögn um búnað frá Gjöfull ehf.

Gjöfull ehf. hefur beðið EFLU um að skoða hitakút og tengibúnað fyrir sumarhús sem eru tengdar við óstöðugar hitaveitur. Hitakúturinn (forðakútur) verður staðsettur utandyra við hlið tengigrindar (inntaksgrind) til að lágmarka líkur á vatnstjóni innanhúss sem getur orðið á köldum vetri ef hitaveita slær út og vatn frýs í lögnum. Tengibúnaðurinn frá Gjöfull ehf. samanstendur af spíral sem er tengdur við hitaveitu og er ætlað að hita upp kalt vatn til neyslu í sumarhúsinu. Eftir að hitaveituvatnið hefur runnið í gegnum spíralinn er það látið flæða í gegnum varmaskipti fyrir upphitun á sumarhúsinu.

Kosturinn við framangreindan tengibúnað er að hitaveituvatnið rennur í gegnum tengibúnaðinn og varminn nýttur án þess að hitaveituvatn fari inn fyrir húsvegg á sumarhúsinu. Gjöfull hefur sett upp hitabúnað á 25 sumarhúsum sem er tengdur eins og meðfylgjandi tengimynd sýnir. Kostur er að búnaðurinn jafnar út sveiflur á innflæði frá hitaveitu og notar upphitað kalt vatn fyrir neyslukerfi hússins.

Niðurstaða EFLU

Á tengigrind er aðeins öryggisloki á inntaki á köldu vatni og því þarf að ganga úr skugga um að allur búnaður sé vottaður fyrir hærri þrýsting en hæsti mögulegi veituprýstingur. Tankurinn sem Gjöfull notar er CE vottaður og framleiddur af viðurkenndum framleiðanda. Prófunarþrýstingur tanksins er uppgefinn 13 bar frá framleiðanda og vinnuprýstingur 10 bar. Í flestum litlum hitaveitum nær veituprýstingurinn aldrei svo hátt og því er öryggisloki óþarfur á inntaki hitaveitu (Tryggja þarf að veituprýstingur geti ekki orðið hærri t.d. að öryggisloki sé á veitunni)

Í tilfellum þar sem hitaveitan slær út í miklu frosti, kólnar fljótt í tanknum og getur frosið í honum. Tankurinn er 160L og einangraður og því mun tengigrindin alltaf frjósá á undan tanknum. Kostur við búnaðinn frá Gjöful er að frosthættan hefur verið færð utandyra þar sem tankurinn er staðsettur utan við sumarhúsið.

Með upphitun á köldu vatni í forðatanknum er komið í veg fyrir að sveiflur í flæði hitaveitunnar skili sér í neysluvatn með tilheyrandi óþægindum fyrir íbúa. EFLA hefur ekki lagt mat á afköst spíralsins í tanknum né reglun á framrásarhitastigi neysluvatnsins.

Hitaveita


- 0 Hitaveita inn
- 1 Hemill
- 2 Varmaskiptir
- 6 Úrtak ef pottablöndun
- 7 AVTB Hitastillir
- 8 Grávatn að potti

Miðstöð

- 3 Dæla
- 4 Retúr
- 5 Túr
- 14 Loftskrúfa
- 15 Pensluker

Neysluvatn

- 9 Kalt vatn inntak
- 10 Öryggisloki
- 11 Kúluloki
- 12 Sía
- 13 Kalt neysluvatn
- 14 Heitt neysluvatn



Tengimynd fyrir hitaveituskáp
Forðakútur getur verið staðsettur v/h

Mynd 1 Tengimynd frá Gjölfull ehf. þar sem EFLA hefur bætt inn tveimur öryggislokum merktir innan punktalínu.